

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akraneskaupstað.

Breyting á deiliskipulagi á lóð Kirkjubrautar í Arnardalsreit.

Á fundi bæjarráðs í umboði bærjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 5. ágúst 2008 var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóð Kirkjubrautar 48 í Arnardalsreit.

Breytingin felst m.a. í að lóðirnar við Kirkjubraut 40 og 42 eru sameinaðar í eina lóð, Kirkjubraut 40, byggingarreitur hefur verið endurskilgreindur á lóð við Kirkjubraut 46, Kirkjubraut 48 er skipt í tvær lóðir þ.e. Kirkjubraut 48 og Arnarholt 1, byggingarreitir hafa einnig verið endurskilgreindir á lóðum við Skagabraut 7, 9-11 og 13.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi lóða við Æðarodda 48, 49, 50 og 51.

Á fundi bæjarráðs í umboði bærjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 5. ágúst 2008 var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðum við Æðarodda 48, 49, 50 og 51.

Breytingin felst m.a. í að sameinaðar eru fjórar lóðir í tvær, þannig að lóðir við Æðarodda 48 og 50 verða lóð númer 48 og lóðir 49 og 51 verða lóð númer 49.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 26. ágúst 2008.

Guðný J. Ólafsdóttir,
fulltrúi sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 27. ágúst 2008